



5. ÍSLENDINGAR GERAST KRISTNIR

Bls 43–49

Markmið

Að nemandi átti sig á:

- trúarhugmyndum heiðinna manna á Norðurlöndum
- siðahugmyndum heiðinna manna á Norðurlöndum
- að kristin trú náði yfirhöndinni í Evrópu
- því hvernig kristnitakan fór fram á Íslandi
- því að ýmsar ástæður má nefna fyrir trúarskiptunum
- því hvernig kristið samfélag byggðist upp á Íslandi

Kennsla

Útskýra þarf fyrir nemendum hvað er heiðinn siður sem hér ríkti áður en þjóðin gerðist kristin. Leggja skal áherslu að um fjölgyðistrú hafi verið að ræða sem átti sér ýmis einkenni en þar er mikilvægast að fjalla um ása- og vættatrúna.

Mikilvægt er að nemendur átti sig á að kristin trú var að sækja í sig veðrið í Evrópu á þessum tíma. Íslendingar tóku kristni eftir þrýsting frá Noregskonungi en ákvörðunin var tekin á Alþingi – þar virðast hagsmunir hafa ráðið ferð.

Greina skal frá því að Ísland varð hluti af alþjóðlegri kirkju og því í meiri tengslum við umheiminn en áður. Eiginleg trúskipti þjóðarinnar tóku hins vegar langan tíma enda breytist hugarfar á löngum tíma. Það tók sinn tíma að byggja upp kristna kirkju hérlandis.

Til fróðleiks

Klaustur á Íslandi

Alls störfuðu níu klaustur í kaþólskri tíð hérlandis. Sjö voru munkaklaustur en tvö nunnuklaustur. Klaustur í Hólabiskupsdæmi voru: Þingeyraklaustur að Þingeyrum í Húnavatnspingi (munkaklaustur stofnsett 1112, formlega stofnað 1133), Munkaþverárklaustur að Þverá í Eyjafirði (munkaklaustur stofnað 1155), Reynistaðarklaustur að Stað í Skagafirði (nunnuklaustur stofnað 1295), Möðruvallaklaustur í Hörgárdal (munkaklaustur stofnað 1296).

Klaustur í Skálholtsbiskupsdæmi voru: Þykkvabæjarklaustur í Þykkvabæ í Álftaveri (munkaklaustur stofnað 1168), Flateyjarklaustur – Helgafellsklaustur upphaflega stofnað í Flatey á Breiðafirði 1172 en flutt að Helgafelli á Snæfellsnesi 1184, Kirkjubæjarklaustur að Kirkjubæ á Síðu (nunnuklaustur stofnað 1186), Viðeyjarklaustur í Viðey (munkaklaustur stofnað 1225–26), Skriðuklaustur að Skriðu í Fljótsdal (munkaklaustur stofnað 1493). Þrjú önnur klaustur voru einnig stofnuð en þau störfuðu stutt (Hítardalsklaustur, Stafholtsklaustur og Keldnaklaustur).



Umræður

- Af hverju heldur þú að landsmenn hafi ákveðið að gerast kristnir? Hvað finnst þér um þá ákvörðun að láta einn mann ákveða hvort við yrðum kristin eða ekki? Er það lýðræðisleg ákvörðun?
- Hvað veistu um trú landsmanna áður en þeir gerðust kristnir? Heldur þú að heiðin viðhorf séu að einhverju leyti enn til staðar?
- Heldur þú að landsmenn hafi orðið kristnir þegar í stað?
- Hvað heldur þú að hafi verið gert til að þjóðin yrði kristin?
- Heldur þú að kristnun þjóðarinnar hafi breytt einhverju um tengsl landsins við útlönd?

Verkefni

- Skrifðu frétt sem segir frá kristnitökunni á Þingvöllum árið 1000. Lýstu aðdragandanum sem og því hvernig ákvörðun var tekin.
- Kynnið ykkur í hópum trúarbrögðin heiðni og kristni og berið þau saman í máli og myndum. Hafið í huga hugtök eins og fjölgyðistrú/eingyðistrú, messur/blót, guð/goðar, hof/kirkja, fyrirgefning/heiður og fleira.
- Hannaðu myndverk af Þorgeiri Ljósvetningagoða þegar hann er að taka ákvörðun um það hvaða trúarbrögð hann vildi að landsmenn hefðu. Á hverju byggðist ákvörðun hans? Hverju mátti halda eftir af gamla siðnum?
- Útbúið með myndrænni framsetningu skilgreiningu fyrir helstu embættismenn kirkjunnar. Myndin á að skýra hlutverk biskupa, presta, munkna og nunna.
- Nemendur velja sér goð/ás samkvæmt ásatrúnni. Þetta væri líka hægt að vinna í hópvinnu. Nemendur afla sér upplýsinga um goð og kynna síðan fyrir bekknum. Margs konar útfærslur eins og Powerpoint sýning eða sem veggmynd. Goðin gætu verið Þór, Óðinn, Frigg, Freyja, Njörður, Freyr, Baldur, Týr, Bragi, Heimdallur, Höður hinn blindi, Iðunn, Eir, Loki, Hel, Forseti, Váli, Viðar,
- Hvaðan eru nöfn nemenda komin, eru einhver nafna þeirra sem rekja má til heiðni eða kristni? Jafnvel væri hægt að útbúa leikræna framsetningu á verkefninu og útbúa fljót eða vígða laug t.d úr efnisstranga í miðri stofunni. Nemendur velja sér mannanöfn tengd kristni og sama má gera með mannanöfn sem tengjast heiðni og ganga til skírnar og skipta um nafn við að stíga í vatnið.
- Hægt væri að gera ritgerð eða einhvers konar verkefni um biskupsstaðina að Hólum og Skálholti. Tilvalið að nota þemaheftin *Merkir sögustaðir Hólar* og *Merkir sögustaðir Skálholt* til að afla sér upplýsinga um efnið.



Kort

- Merktu inn á Íslandskort þá staði sem koma við sögu í kaflanum. Skrifaðu ártöl og heiti eftir því sem við á.
- Aflaðu upplýsinga um hvar hafa verið klaustur á Íslandi. Merktu þau inn á kort og flokkaðu þau eftir því hvort þau hafa verið fyrir nunnur og hver fyrir munku.

Tímaás

- Merktu inn á tímaásinn öll ártöl og tímabil sem koma fyrir í kaflanum.



5. KRISTNITAKAN – VERKEFNI

Bls 43–49

1. Hvenær átti kristnitakan sér stað á Íslandi? Hvernig fór hún fram?

2. Hverjar eru helstu heimildir okkar um heiðinn sið?

3. Hver voru helstu goð heiðinnar? Hver þeirra voru mest dýrkuð á Íslandi? Hvað einkenndi þau goð og af hverju ætli Íslendingar hafi einkum tignað þau?

4. Hvenær gerðust norrænir menn kristnir?



5. Hvenær var farið að boða Íslendingum kristna trú? Hverjir gerðu það?

6. Hvað varð til þess að landsmenn tóku kristni og hver var helsti talsmaður þess að Íslendingar yrðu kristnir?

7. Hvað þurfti að gera til að byggja upp kristið samfélag á Íslandi?

8. Hvar og hvenær voru biskupsdæmi stofnuð á Íslandi? Hvað hétu fyrstu biskuparnir?

9. Hvaða menningarlegu áhrif bárust hingað með kristninni?



5. KRISTNITAKAN – LAUSNIR

1. Árið 1000 var kristni samþykkt á Alþingi. Þorgeir Ljósvetningagoði kvað upp úr með að Íslendingar skyldu taka kristna trú til að hafa eina sameiginlega trú.
2. Flest sem við vitum um heiðinn sið var skrifað af kristnum mönnum löngu eftir að þjóðin tók kristni. Helstu ritheimildir okkar um heiðni eru *Konungsbók Eddukvæða* og *Snorra-Edda* en þær eru báðar frá 13. öld.
3. Heiðnin samanstóð af fjölda goða sem öll höfðu sín sérkenni og hlutverk og gátu menn valið sér sín uppáhaldsgoð og dýrkað þau í von um stuðning í lífinu. Helstu goðin voru Óðinn og Þór. Óðinn var æðstur en hann var goð hernaðar og skáldskapar. Þór var sterkastur allra enda hafði hann það hlutverk að vernda goð og menn. Hann virðist hafa verið dýrkaður mest allra goða á Íslandi. Frjósemisgoðið Freyr mun einnig hafa verið í metum hjá landsmönnum en hann réð árferði. Í ljósi þess að þorri Íslendinga voru efnalitlir bændur er eðlilegt að þau goð sem áttu að tryggja öryggi og góða afkomu hafi verið mest tignuð hérlandis.
4. Norrænir menn kynntust kristni í kringum 800 þegar víkingar tóku að herja á kristnar þjóðir víðs vegar um Evrópu. Skömmu síðar fóru kristnir trúboðar að venja komur sínar til Norðurlanda. Kristin trú fór þó ekki að hafa veruleg áhrif meðal norrænna manna fyrr en nokkru síðar. Norðurlöndin urðu fyrst kristin á 10. og 11. öld þegar norrænir konungar tóku til við að kristna þegna sína.
5. Kristnir trúboðar virðast ekki hafa lagt leið sína til Íslands fyrr en á síðustu áratugum 10. aldar. Fyrsti Íslendingurinn sem sögur segja að hafi stundað trúboð hérlandis var Þorvaldur víðförli. Hann mun hafa ferðast um landið ásamt þýskum trúboðsbiskupi upp úr 980 en þeir virðast litlu hafa áorkað.
6. Kristið trúboð fór ekki að hafa veruleg áhrif á Íslandi fyrr en Ólafur Tryggvason Noregskonungur ákvað að kristna Íslendinga. Hann sendi hingað trúboða en þegar landsmenn tregðuðust við að taka kristni brást hann reiður við og hótaði að limlesta eða drepa þá Íslendinga sem staddir voru í Noregi. Tveir íslenskir höfðingjar lofuðu konungi að þeir myndu fá Íslendinga til að skírast til kristinnar trúar. Þeir héldu til Íslands og töluðu fyrir því á Alþingi að landsmenn gerðust kristnir. Þar urðu miklar deilur og óttuðust menn að þjóðveldið klofnaði í tvö samfélög eftir trúarbrögðum. Samkvæmt *Íslendingabók* var það ástæðan fyrir því að Þorgeir Ljósvetningagoði skar úr um að allir landsmenn skyldu gerast kristnir.
7. Það þurfti að mennta presta, byggja kirkjur og klaustur, og fræða landsmenn um hvað það væri að vera kristinn. Íslendingar hafa örugglega vitað lítið um hvað fólst í hinni nýju trú enda ólæs og bóklaus þjóð á þessum tíma. Heiðin viðhorf hafa því eðlilega haldið áfram að móta hugarfar landsmanna.



8. Íslendingar eignuðust sinn fyrsta biskup með vígslu Ísleifs Gissurarsonar en hann tók við embætti árið 1056. Ísleifur bjó í Skálholti sem skömmu síðar varð biskupsstaður. Árið 1106 var nýr biskupsstóll fyrir Norðlendingafjórðung stofnaður á Hólum í Hjaltadal en fyrsti biskupinn þar var Jón Ögmundsson.
9. Það var með kristninni sem Íslendingar kynntust fyrst ritmenningu og bókmenntum Evrópu. Rúnir voru að vísu þekktar hérlendis en þær voru ekki eiginlegt ritmál. Smám saman varð til stétt menntamanna sem þekkti vel til evrópskrar menningar og átti eftir að skrifa merkar bækur. Þeir lærðu latínu, sem var tungumál lærðra manna á miðöldum, en margar af fyrstu bókunum sem voru ritaðar hér á landi voru skrifaðar á því máli. Líklegt má telja að Íslendingar hafi byrjað að skrifa á seinni hluta 11. aldar.